

213

3. des.

10. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50 til 500 kr., er renna í félags-sjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætta opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 3. desember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

214

28. des.

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Grímseyjarhreppi.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur hinn 12. þ. m., samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Grímseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Grímseyjarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. desember 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.